



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 11. janúar 2023 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Erla María Lárusdóttir varaoddviti, Arnar Ólafur Viggósson, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Ástrós Elísdóttir og Ragnar Már Björnsson ásamt Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóra.

Erla María Lárusdóttir varaoddviti stjórnaði fundi. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Erindi Matvælaráðuneytis dags. 12. desember 2022

Fyrir fundinum lá erindi Matvælaráðuneytisins er varðar úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2022/2023. Með erindinu er sveitarféluginu tilkynnt að á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 1018/2022 hafi byggðarlaginu verið úthlutað 170 tonnum í þorskígildum talið vegna fiskveiðiársins 2022/2023 sem er hækkan um 16 þorskígildistonn á milli ára. Nemur úthlutunin 3,5% af heildarúthlutun til allra byggðarlaga. Í erindinu kemur einnig fram að sveitarfélögum sé veittur frestur til 13. janúar nk. til að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur varðandi úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2022/2023 á Skagaströnd.

Varaoddviti lagði fram eftirfarandi tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2022/2023:

#### Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.):

Lagt er til að eftirfarandi ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1370/2022 verði fellt út úr reglum er varðar úthlutun til Sveitarfélagsins Skagastrandar: *Heimilt er að úthluta aflatmarki byggðarlagra til fiskiskipa, sem uppfylla skilyrði a- og b-liðar og eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í öðru byggðarlagi en umsókn um byggðakvóta beinist að, ef þeir stunda einnig útgerð með skip sem skráð eru í því byggðarlagi sem þeir hafa heimilisfang í.*



1. gr. reglugerðar hljóði þá svo:

Úthluta skal aflamarki til fiskiskipa sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. *Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga um stjórn fiskveiða, við lok umsóknarfrests.*
- b. *Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2022.*
- c. *Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2022. Miðað skal við lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.*

**Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.):**

Við úthlutun byggðakvóta verði kvótanum skipt í two flokka. Annars vegar verði úthlutað 40 tonnum til báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (Húnaflóarækja) sem eru gerðir út frá Skagaströnd og hins vegar efstrostöðvum af úthlutuðum byggðakvóta skv. almennum skilyrðum reglugerðarinnar, auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónýtts byggðakvóta á síðasta fiskveiðíári. Hver útgerð sem sækir um byggðakvóta getur þó átt rétt á úthlutun úr báðum flokkum.

Við úthlutun byggðakvóta verði gerð sú breyting á forsendum skv. 4. gr. að sá hluti sem úthlutað er til báta með hlutdeild þann 1. september 2022 í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (40 tonnum) verði skipt jafnt milli hæfra umsækjenda. Þeim hluta sem úthlutað verður skv. almennum skilyrðum þ.e. úthlutun þess árs auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónýtts byggðakvóta á síðasta fiskveiðíári verði hins vegar skipt skv. ákvæðum 4. gr. reglugerðarinnar.

Sú breyting verði gerð að hámark úthlutunar til hvers fiskiskips verði 35 þorskígildislestir. Hámarkið gildi um samanlagða úthlutun í báðum flokkum sbr. almennur flokkur og vegna báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum. Þó skal við úthlutun fyrst reikna að fullu byggðakvóta sem úthlutað er vegna innfjarðarrækjuveiða.



### Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)

Veitt verði undanþága frá löndun til vinnslu sem fram kemur í ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Fiskiskipum verði eftir sem áður skylt að landa í byggðarlaginu.

Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2022 til 31. ágúst 2023.

Framangreind tillaga var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Var sveitarstjóra falið að að senda tillögu sveitarfélagsins að sérreglum til ráðuneytisins fyrir 13. janúar 2023.

### 2. Erindi Sýslumannsins á Norðurlandi vestra dags. 23. nóvember 2022

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni Sýslumannsins á Norðurlandi vestra varðandi umsókn um leyfi til reksturs Gististaðar í Flokki II-G íbúðir vegna Iðavalla, fasteignanúmer 2139151. Umsækjandi er S5 verk ehf. kt. 540720-0100 að Ránarbraut 9, 545 Skagaströnd. Leyfilegur hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 8 manns.

#### Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við að orðið verði við leyfisumsókn svo framarlega sem jákvæðar umsagnir byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra liggi fyrir.

### 3. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.



1269-62

Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 8:35

*Erla María Lárusdóttir*

Erla María Lárusdóttir

*Astrós Elísdóttir*

Ástrós Elísdóttir

*Ragnar Már Björnsson*

Ragnar Már Björnsson

*Arnar Ólafur Viggósson*

Arnar Ólafur Viggósson

*Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir*

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

*Alexandra Jóhannesdóttir*

Alexandra Jóhannesdóttir